

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Margréti Halldórsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 22. október 2018
Mnr. 2017020028



ÍSAFJARÐARBÆR

Uppbyggingasamningur við íþróttafélagið Stefni á Suðureyri.

Á fundi bæjarstjórnar 1.2.2018 var samþykkt að gera uppbyggingasamning við íþróttafélagið Stefni á Suðureyri en félagið stefndi á að setja upp útihreystigarð. Formaður Stefnis óskaði síðar eftir því að bíða með undirskrift þar til ljóst yrði hvar hægt yrði að staðsetja tækin.

Upphaflega hugmyndin var að tækin yrðu staðsett í tengslum við göngustíga í Súgandafirði. Stefnir hefur óskað eftir svæði undir tækin rétt innan við tjörnina við Túngötu en þar sem fyrirhugað er heildaskipulag á svæðinu óska þau eftir samningnum verði breytt þannig að þau fái hlut Ísafjarðarbæjar greiddan í ár (þar sem búið er að kaupa tækin) en tækin verði sett niður á næsta ári þegar skipulag svæðisins liggur fyrir.

MH